

## **Fundargerð 23. fundar ferðamálaráðs – 10. des. 2008**

Fundur haldinn miðvikudaginn 10. desember 2008, kl. 11 í iðnaðarráðuneytinu.

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Dóra Magnúsdóttir, Einar Karl Haraldsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Björgvinsson, Jón Ásbergsson, Pétur Rafnsson, Sævar Skaptason, og áheyrnarfulltrúarnir Ólöf Ýrr Atladóttir og Helga Haraldsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá var eftirfarandi en við hana bættist kynning á Iceland Naturally USA er leið á fundinn:

1. Fundargerð 22. fundar.
1. Staða mála og útlitið fyrir næsta ár.
2. Markaðsáætlun Ferðamálastofu 2009.
3. Hvalveiðar Íslendinga.
4. Önnur mál.

### **1. Fundargerð 22. fundar samþykkt.**

#### **2. Staða mála og útlitið fyrir næsta ár.**

EKH sagði ekkert að fréttu af stofnun Promote Iceland en verið að leggja drög að viðræðum iðnaðarráðuneytis, utanríkisráðuneytis o.fl. varðandi samstarf í kynningarmálum. Einnig hefði ráðuneytið, Ferðamálastofa, Höfuðborgarstofa og Útflutningsráð farið yfir samstarfsfleti. SS fyrir hönd SAF og DM fyrir hönd FSÍ óskuðu eftir vera upplýst um og koma að slíkum viðræðum í framtíðinni. JÁ gerði grein fyrir samstarfi Útflutningsráðs og Ferðamálastofu um viðhorfskönnun sem yrði framhald af könnun sem ParX gerði á síðasta ári að ósk ferðamálaráðs um áhrif hvalveiða á íslenska ferðaþjónustu.

**3. Iceland Naturally verkefnið í Bandaríkjunum.** Skúli Helgason, formaður stjórnar IN kom á fundinn, kynnti verkefnið stuttlega fyrir ferðamálaráði og svaraði spurningum ráðsmanna.

**4. Markaðsáætlun Ferðamálastofu 2009.** Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálstjóri kynnti áherslur Ferðamálastofu varðandi rekstrarlið stofnunarinnar. Urðu í framhaldinu nokkrar umræður um samstarfið við utanríkisþjónustuna og helstu verkefni framundan. Ekki gafst tími til að skoða hugmyndir Ferðamálastofu um ráðstöfun markaðsfjár (1.44 Markaðssókn í ísl. ferðaþjónustu) og var þeim umræðum frestað til næsta fundar enda munu fjárlög þá liggja fyrir og sú óvissa sem nú ríkir vonandi að baki.

**5. Hvalveiðar Íslendinga.** Dreift var afriti af tölvupósti frá Náttúruverndarsamtökum Íslands en umræðum frestað.

Formaður sleit formlegum fundi kl. 12:15 og snæddu ráðsmenn saman hádegisverð. Stefnt er að því að halda næsta fund þann 9. janúar 2009.